

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar.

i) Skilgreining á Aðgerðaráætlun er felld brott.

ii) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á skilgreiningu á Hávaðavísi:

a) Í stað „umhverfismörk“ í staflið d. kemur: mörk.

b) Við bætist nýr stafliður, stafliður f, sem orðast svo:

f. *dBA_L*: er A- vegið hámarksaugnabliksgildi mælt með hljóðmæli sem er stilltur á að mæla augnabliksgildi (impulse).

2. gr.

Ákvæði 1. ml. 1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Í viðauka, töflum I-VIII, eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð, skotvöllum, vindmyllum, akstursípróttasvæðum og hvers konar atvinnustarfsemi.

3. gr.

Ákvæði 5. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

Stjórnvöld o.fl.

Við skipulagsgerð skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í viðauka. Skipulagsyfirvöld geta þó sett í deiliskipulagsskilmála að í stað marka í viðauka gildi um íbúðarhúsnæði á afmörkuðum svæðum staðallinn ÍST 45:2016: Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis, eða nýjasta útgáfa hans. Flokkur C í staðlinum er lágmarkskrafa byggingarreglugerðar fyrir nýjar íbúðir. Yfirbyggðar svalir uppfylla ekki skilyrði um hljóðláta hlið skv. flokki C.

Sé ekki unnt að ná lágmarksskilyrðum hljóðvistarstaðals, flokk C, í öllum íbúðum á reit þar sem búið er að ákveða að staðallinn gildi, má í undantekningartilvikum beita hljóðtæknilegum mótvægisáðgerðum til að skapa viðunandi hljóðstig innandyr. Tryggt skal að unnt sé að loftræsa íveruherbergi við þá hlið íbúðar sem fer yfir viðmiðunarmörk án þess að hljóðstig innandyr fari yfir viðmiðunarmörk, t.d. með loftrásum með hljóðgildrum. Þess skal getið í skipulagsskilmálum að viðkomandi íbúðir nái ekki lágmarksskilyrðum og að mótvægisáðgerðum verði að beita.

Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða, skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki.

Við val á staðsetningu fyrir skotvelli í skipulagi skal gera heildarúttekt þar sem kortlagt er mögulegt hávaðaónæði í umhverfinu og hversu viðkvæmt svæðið er fyrir hávaðamengun. Miðað skal við hæsta mögulega augnablikshávaða (*dBA_L*) sem gæti verið frá starfseminni. Meta þarf hávaða frá allri starfsemi sem fer fram á vellinum, sér fyrir hvern þátt. Taka skal mið af fyrirhuguðum opnunartíma vallar og kortleggja hámarksaugnablikshávaða á hverju tímabili. Úttekt þarf að sýna að hávaðaónæði verði undir mörkum í töflu VI í viðauka.

Mengunarvarnir og kröfur um hollustuhætti í starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu jafnframt miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í viðeigandi töflum í viðauka.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að krefja framkvæmda- og rekstraraðila um hljóðmælingar s.s. síritandi hljóðmæli, við framkvæmdir og starfsemi og skulu mæligögn vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fara fram á það við rekstraraðila að unnin sé greinargerð fyrir hljóðvist húsnæðis í samræmi við umfang og eðli starfseminnar og möguleg grenndaráhrif. Greinargerð skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til greinagerðar hönnuða í gildandi byggingareglugerð.

4. gr.

Í stað „töflu III“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: viðeigandi töflum.

5. gr.

Ákvæði 1. ml. 1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) LAeq (jafngildishljóðstig í 8 klst). fjarlægð.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verður á 8. gr. reglugerðarinnar.

i). Við 2. mgr. bætist nýr lokamálsliður sem orðast svo:

Koma skal í veg fyrir að tæknibúnaður í einu íbúðarhúsi valdi ónæði í nærliggjandi húsum.

ii). Við greinina bætist ný málsgrein, 4. málsgrein sem orðast svo:

Sé staðfest endurtekið ónæði við vöruafgreiðslu og tæmingu á sorpílátum frá fyrirtækjum skal afgreiðsla eða tæming ekki hefjast fyrr en kl. 7 í nágrenni íbúðarbyggðar á virkum dögum og kl. 10 um helgar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar.

i) Ákvæði 3. mgr. orðast svo:

Til að draga úr óþægindum við fleygun, gagnvart þeim sem hafa aðsetur í nærliggjandi byggingum, skal gera hlé á fleygun í tveggja klukkutíma fresti í a.m.k. 30 mínútur í senn.

ii) Við reglugerðina bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr. sem orðast svo:

Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja þrengri tímatakmarkanir á háværar og sérstaklega háværar framkvæmdir sem eru nálægt viðkvæmri starfsemi svo sem leik- og grunnskólum og dvalar- og hjúkrunarrýmum. Heilbrigðisnefnd getur einnig gripið til þrengri tímatakmarkana á svæðum sem hafa lengi verið undir álagi vegna framkvæmdahávaða.

Takmarka skal hávaða vegna framkvæmda sem tilgreindar eru í töflu IV í viðauka við þau tímamörk sem þar eru tilgreind.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar.

i) Á eftir orðinu „tilgreind“ í 1. mgr. kemur: í stafliðum A og B.

ii) Ákvæði 3. mgr. orðast svo:

Ef um er að ræða staði sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds er leyfilegt að heimila í starfsleyfi hærra hljóðstig á einstökum viðburðum í sérstakri heimild í starfsleyfi en þó aldrei hærra en tilgreint er skv. stafliðum C eða D töflu V í viðauka, eftir því sem við á. Utan slíkra viðburða skal jafngildishljóðstig aldrei fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í staflið B töflu V í viðauka.

iii) Við greinina bætist ný málsgrein, 7. mgr. sem orðast svo:

Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva eða takmarka notkun á hátölurum utandyra t.d. við tíma og hljóðstyrk eða láta fjarlægja þá valdi þeir ónæði.

9. gr.

Við reglugerðina bætist ný 10. grein a., með fyrirsögn sem orðast svo:

Skotvelli

Við nýbyggingu eða meiri háttar endurnýjun á skotvelli skal miða við lægra gildið í töflu VI í viðauka. Á skotvöllum með litla notkun, minna en 12 klst. á viku, má miða við herra gildið.

Fyrir skotvelli sem byggðir eru fyrir 1. júní 2025 og hafa ekki verið endurnýjaðir umfram það sem telst eðlilegt viðhald má fara 5-10 dB yfir dag og kvöld viðmiðunargildi fyrir nýja skotvelli, sbr. 1. mgr. Eingöngu má fara 10 dBAI yfir viðmiðunargildi fyrir eldri velli með síður viðkvæmt áhrifasvæði og oftast með litla notkun.

Við skotvelli fyrir haglabyssur og haglabyssubrautir þar sem ekki er hægt að minnka hávaða með hljóðtæknilegum aðferðum má fara 5 dBAI yfir viðmiðunargildi fyrir nýja skotvelli sbr. 1. mgr.

Á stórmótum s.s. landshluta-, Íslandsmótum eða sambærilegum mótum er heimilt að notast við dags viðmiðunargildi þó að um sé að ræða helgar eða almenna frídaga. Heimildin sbr. þessa málgrein gildir ekki um stórhátíðardaga.

10. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein 10. grein b., með fyrirsögn sem orðast svo:

Vindmyllur

Fyrir vindmyllur skal miða við töflu VII í viðauka.

11. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein 10. grein c., með fyrirsögn sem orðast svo.

Akstursípróttasvæði

Fyrir akstursípróttasvæði skal miða við töflu VIII í viðauka.

12. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 11. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

13. gr.

Ákvæði 12. greinar ásamt fyrirsögn orðast svo:

Viðurlög, þvingunarúrræði o.fl.

Um málsmeðferð og úrskurði, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka með reglugerðinni:

i) Ákvæði 3. ml. 3. mgr. í Skýringum með töflum orðast svo:

Þegar hljóð inniheldur ríkjandi tón, högggljóð eða er lotubundið bætast 5 dB(A) við mæligildið.

ii) Þrjár nýjar málsgreinar, 6. mgr., 7. mgr. og 8. mgr. bætast við Skýringar með töflum og orðast svo:

Leyfilegt jafngildishljóðstig fyrir hávaða frá atvinnurekstri skv. töflu III skal miðað við þann tíma sem viðkomandi starfsemi er í rekstri á hverju tímabili sólarhrings. Neðangreind viðmiðunarmörk gilda fyrir virka daga, helgar og almenna frídaga.

Við mælingar á hávaða frá skotvöllum, vindmyllum og akstursípróttasvæðum skal nota leiðbeiningar frá Umhverfis- og orkustofnun fyrir hljóðmælingar.

ii) Í stað Töflu IV kemur eftirfarandi tafla:

Tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.				
			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00
		Helgar og almennir frídagar	10:00	19:00
		Stórhátíðisdagar	Ekki heimilt	
	Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00
		Helgar, almennir frídagar og stórhátíðardagar	Ekki heimilt	

iii) Í stað Töflu V kemur eftirfarandi tafla:

Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum.			
	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
A. Samkomur og sýningar sérstaklega ætlaðar börnum yngri en 12 ára	90 dB(A)	105 dB(A)	125 dB(C)
B. Samkomustaðir, sýningar, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(C)
C. Minni tónleikastaðir með lifandi tónlist skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	98 dB (A)c	112 dB (A)	135 dB (C)
D. Einstakir og sérstaklega hávaðasamir viðburðir á stöðum sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	102 dB(A)	115 dB(A)	140 dB(C)

iv) Við viðaukann bætist ný tafla, Tafla VI sem orðast svo:

Tafla VI. Mörk fyrir hávaða frá skotvöllum.				
Svæði		Virkir dagar	Helgar og frídagar	
		Dagur og kvöld kl. 07-22 dBAI	Dagur kl. 09-19 dBAI	Kvöld kl. 19-22 dBAI
Íbúðarhúsnæði með fasta búsetu og frístundahús	Nýir skotvöllir	65-70	65-70	60-65
	Eldri skotvöllir (byggðir fyrir 1. júní 2025)	65-75	65-75	60-70

Dvalarrými á þjónustu- stofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Nýir skotvellingir	60-65	60-65	55-60
	Eldri skotvellingir (byggðir fyrir 1. júní 2025)	60-70	60-70	55-65
Kennslurými og útivistarsvæði	Nýir skotvellingir	60-65	60-65	60-65
	Eldri skotvellingir (byggðir fyrir 1. júní 2025)	60-70	60-70	60-70

v) Við viðaukann bætist ný tafla, Tafla VII sem orðast svo:

Tafla VII. Mörk fyrir hávaða frá vindmyllum.	
Svæði	Viðmið
Utandyra við íbúðar- og frístundahúsnæði	40 dBA
Útivistarsvæði	35 dBA

Öll gildi vísa til gilda um frjálst svið, þ.e. hljóðstig sem ekki hefur áhrif á endurkast. Viðmiðunargildi ætti að gilda um heildarhæð allra nálæggra vindmylla. Jafngildið ætti að meta á a.m.k. 30 mínútna heildartíma.

Viðmiðunargildi fyrir húsnæði ætti að gilda um framhlið og verönd og garða í nágrenni heimilisins. Fyrir venjulega stóra einbýlishúsalóð (um 1000-1500 fm) er það eðlilegt að viðmiðunargildið eigi við um alla lóðina. Fyrir mjög stórar eignir getur það hins vegar verið ásættanlegt að farið sé yfir viðmiðunargildið á hlutum sem staðsettir eru meira en 30m frá íbúðabyggð.

vi) Við viðaukann bætist ný tafla, Tafla VIII sem orðast svo:

Tafla VIII. Mörk fyrir hávaða frá akstursípróttasvæðum			
Hámarks hávaðastig í dBA			
Svæði	Mánudag til laugardags Kl. 07-19	Frá kl. 19:00-22:00 alla daga og á sunnudögum og frídögum kl. 07-19	Frá kl. 22:00 til 07:00 alla daga
Íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði (við framvegg)	60	55	Á þessum tíma ætti enginn hávaði að berast frá akstursípróttasvæðum
Heilsugæslustöðvar (við framvegg)	55	50	
Skólabyggingar (við framvegg)	55	50	
Útivistarsvæði	55	50	

Framangreind viðmiðunargildi eru gefin upp sem hámarkshljóðstyrkur í dBA frjálsum sviðsgildum ætti að beita við mat á viðeigandi hávaðatakörkun á akstursbrautum.

Með útivistarsvæði er átt við svæði í heildarskipulagi fyrir færanlega útivist eða önnur svæði sem eru oftast nýtt til útivistar þar sem upplifun af náttúrunni er mikilvægur þáttur og þar sem lágt hljóðstig telst sérstakur eiginleiki. Bakgrunnsstigið er lágt og engin önnur truflandi starfsemi eins og skotvællir, bátaumferð eða vélsleðaleiðir. Gildin eiga að gilda utandyra í þeim byggingum sem talðar eru upp í töflu VIII og á útivistarsvæðum. Gildin eru reiknuð sem frísviðsgildi (endurkast hefur ekki áhrif á).

15. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. og 15. tl. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2025

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.